



500 Rafeindataækjatrýgging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Vátryggingarsvið.

- 1.1 Vátryggingin bætir tjón á vátryggðum rafeindataækjum af völdum:
 - a. rekstraróhapps sem verður óvænt og skyndilega,
 - b. mistaka starfsmanna við meðferð vátryggðra tækja þegar verið er að nota þau, hreinsa, halda þeim við eða flytja þau til á vátryggingarstaðnum,
 - c. efnis- eða steypugalla,
 - d. skammhlaups eða annarra áhrifa rafmagns.
- 1.2 Vátryggingin tekur til beinna skemmda er verða á vátryggðum tækjum vegna bilunar í þeim. Með bilun er átt við brot eða aðrar skyndilegar skemmdir sem stöðva tæki eða valda því að tæki verður að stöðva. Sama gildir ef ekki er unnt að gangsetja tæki þannig að nauðsynlegt reynist að gera við það.
- 1.3 Vátryggingin tekur einungis til rafeindataækja sem eru í húsum á vátryggingarstaðnum sem nánar er tilgreindur í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.
- 1.4 Það er skilyrði fyrir gildi vátryggingarinnar að vátryggðum rafeindataækjum hafi í engu verið ábótavant við afhendingu til vátryggingartaka, þeim hafi verið endanlega komið fyrir og þau hafi verið fullreynd í gangi.

2. Búnaður sem vátryggingin tekur til.

- 2.1 Vátryggingin tekur til:
 - a. rafeindataækja og –búnaðar sem vátryggingartaki á og notar í rekstri sínum,
 - b. rafeindataækja og –búnaðar sem vátryggingartaki notar í rekstri sínum en er í eigu annarra ef vátryggingartaki hefur tekið tækin eða búnaðinn á leigu eða kaupleigu og ber skv. samningi áhættuna af að þessir hlutir skemmist.
- 2.2 Með rafeindataækjum og -búnaði er átt við tölvubúnað og tölvukerfi, rafeindaknúin stýrikerfi, bókhalds- og textavinnslukerfi þ. á m. (þar á meðal) gagnamiðla svo sem segulbönd, seguldiska og disklinga. Ennfremur rafeindapeningakassa, stjórnborð, rafeindavogir, símakerfi og fjarritakerfi.
- 2.3 Fylgitæki eru því aðeins vátryggð að þau séu alltaf fasttengd vátryggðum tækjum.

3. Búnaður sem vátryggingin tekur ekki til.

- 3.1 Vátryggingin tekur ekki til:
 - a. tækja sem eru meira en 10 ára gömul þegar tjónsatburðinn ber að höndum,
 - b. fjarskiptatækja sem tengd eru við loftnet,
 - c. hluta sem vátryggingartaki hefur til viðgerðar eða eru af öðrum ástæðum í vörslum hans þegar þeir, eða þjónusta sem veitt er í tengslum við þá, eru þáttur í sölu- eða þjónustustarfsemi vátryggingartaka,
 - d. tækja eða annars búnaðar af sömu gerð og vátryggingartaki framleiðir sjálfur, gerir við eða selur,
 - e. hluta sem vátryggðir eru með lögboðinni brunatryggingu eða annarri vátryggingu húseignar.

4. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 4.1 Vátryggingin bætir ekki:
 - a. atvik sem eingöngu verða rakin til gangtruflana,
 - b. tjón er rakin verða til ágreinings eða stórfellds gáleysis vátryggingartaka eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum,
 - c. tjón sökum ónógrar gæslu eða viðhalds að því leyti sem það verður rakið til sakar vátryggingartaka eða starfsmanna sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum,
 - d. tjón sökum þess að meira er lagt á tæki en þau þola eða þau eru ekki notuð eins og til er ætlast eða gerð þeirra leyfir,
 - e. tjón er stafa af galla eða annmarka sem var fyrir þegar vátryggingarsamningur var gerður og vátryggingartaka eða starfsmönnum sem gegndu ábyrgðarstöðu hjá honum var eða mátti vera kunnugt um,
 - f. tjón sem seljandi eða flutningsaðili ber skaðabótaábyrgð á eftir lögum eða samningi,
 - g. slit, hægfara eyðingu ryðskemmdir, tæringu, sýringu, sviðskemmdir, rispur á máluðum eða lökkuðum flötum, brot á gleri eða viðhaldskostnað,
 - h. tjón sökum vatns- eða sýrugufu eða annarra skaðvænna lofttegunda ef slík gufa eða lofttegundir



500 Rafeindataækjatrýgging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

fylgja venjulega rekstri váttryggingartaka,

- i. kostnað við endurnýjun eða endurvinnslu tapaðra eða skemmdra gagna,
 - j. kostnað við leit að lagfæringu bilana, varahlutaskipti eða annarra útgjalda sem váttryggingartaki hefði ekki þurft að bera ef hann hefði gert venjulegan samning við seljanda um viðhald tækja og búnaðar,
 - k. viðgerðarkostnað sem greiða ber samkvæmt venjulegum samningi um viðhald tækja og búnaðar,
 - l. tjón sem hlýst af rangri forritun, röngum innslætti, rangri ísetningu, rangri textun eða hnökrun, eyðingu eða öðrum skemmdum á innslegnum gögnum,
 - m. rekstrartjón eða annað óbeint tjón, þ. á m. aukakostnað sem stofnað er til í því skyni að koma í veg fyrir rekstrartruflanir,
 - n. tjón sem rakið verður til stríðs, óeirða, upppota, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
 - o. hvers kyns tjóns af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna, svo og tjón sökum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða, og annarra náttúruhamfara nema annars sé sérstaklega getið.
- 4.2 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar vegna taps eða tjóns, sem stafar beint eða óbeint, að öllu leyti eða að hluta, af áhrifum dagsetninga á starfsemi búnaðar, kerfa eða samblands þessa hvoru tveggja. Undanþága þessi á við allar dagsetningar, hvort sem þær tengjast aldamótum eða öðrum tíma.
- Með “**dagsetningu**” er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tímasetningin verkar sem upplýsingar, kóti, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja.
- Með “**búnaði**” er átt við hvers konar vélar, tæki, vörur og aðra áþreifanlega hluti eða hóp hluta, hvort sem um er að ræða fasteign eða lausafé, þ.m.t. (þar með talið) en þó ekki takmarkað við vélbúnað tölva, hugbúnað eða samþætt rafeindakerfi, þ.m.t. örgjörvar og kísilflögur.
- Með “**kerfi**” er átt við hvers konar upplýsingar, fyrirmæli eða safn þess og hvers konar miðil fyrir upplýsingar og fyrirmæli í tölvutæku formi, á pappír eða í formi geisla, bylgna, eðlisfræðilegra áhrifa, efnaferla eða annars óáþreifanlegs eða áþreifanlegs.
- Undanþága þessi nær ekki til tjóns, sem stafar af bruna, sprengingu, hrapi, þjófnaði eða vatnsskaða.**

5. Gildistími, endurnýjun og uppsögn.

- 5.1 Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. (grein) 6.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 5.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. (málgrein) getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.
- 5.3 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

6. Greiðsla iðgjalds.

- 6.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 6.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur samkvæmt 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.

500 Rafeindataækjatrýgging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- 6.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur samkvæmt 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 6.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 6.5 Falli váttrygging niður samkvæmt 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 6.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

7. Varúðarreglur og viðhald.

- 7.1 Váttryggingartaka og starfsmönnum sem gegna ábyrgðarstöðu hjá honum er skylt að halda váttryggðum hlutum vel við og fylgja leiðbeiningum og notkunarreglum frá seljanda svo og að fara eftir opinberum fyrirætlum um rekstraröryggi. Seljandi eða viðurkennt tölvuþjónustufyrirtæki skal sjá um viðhald váttryggðra hluta í samræmi við ákvæði viðhaldssamnings eða fastrar áætlunar um viðhald. Yfirspennuvarar skulu vera á lágstraumskerfum. Brot gegn varúðarreglum þessum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

8. Bótaákvörðun, uppgjör tjóns.

- 8.1 Félagið greiðir eðlilegan kostnað við að koma váttryggðum hlutum í lag þannig að þeir hafi sama notagildi og þeir höfðu síðast áður en tjónsatvikið bar að höndum að frádraginni eigin áhættu. Hafi skemmdir hlotist af fleiri en einu sjálfstæðu tjónsatviki reiknast eigin áhætta af hverju tjónsatviki fyrir sig þótt allar skemmdirnar komi fram í einu eða gert verði við þær samtímis.
- 8.2 Kostnaður við flutning váttryggðra hluta eða tækja til viðgerðar greiðist eftir venjulegum töxtum flutningsgjalda.
- 8.3 Eigi greiðast bætur fyrir aukakostnað, svo sem vegna múrbrots, styrkingar á veggjum eða gólfum, ruðnings vega eða vegaviðgerðar. Sama gildir um aukakostnað vegna verkfalls, verkbanns, óviðráðanlegra orsaka (force majeure), yfirvinnu, hraðsendinga og flugsendinga.
- 8.4 Samþykki félagsins er áskilið ef váttryggingartaki hyggst nota annað efni við tjónsviðgerð en áður var notað. Sama gildir um breytingar á gerð tækis eða búnaðar.
- 8.5 Ef varahlutir eru ekki fánlegir eða aðeins með óhóflegum tilkostnaði, skal miða fjárhæð bóta við það sem venjulega myndi hafa kostað að gera við skemmdirnar. Sé unnt að fá notaða varahluti er félaginu heimilt að miða tjónsbætur við verð þeirra.
- 8.6 Kostnaður við bráðabirgðaviðgerð greiðist ekki.
- 8.7 Reki váttryggður virðisaukaskattskylda starfsemi og getur talið virðisaukaskatt af kostnaði við endurbætur (þar á meðal vegna altjóns) á hinum váttryggðu tækjum til innskatts samkvæmt reglum laga um virðisaukaskatt skal váttryggingarverðmæti þess lækka sem innskattinum nemur.

9. Algert tjón.

- 9.1 Ef ekki er unnt að gera við skemmdir miðast bætur við enduröflunarverð nýrra tækja eins og það er þegar tjón verður, enda hafi hlutirnir sem eyðilögðust verið tveggja ára gamlir eða yngri þegar tjón bar að höndum. Til frádráttar kemur þó eigin áhætta.
- 9.2 Bætur fyrir eldri tæki eða búnað eldri en tveggja ára skulu ekki vera hærri en markaðsverð þeirra rétt fyrir tjónsatburðinn. Þegar viðgerðarkostnaður er jafnhár eða hærri en markaðsverð rétt fyrir tjónsatburðinn skal telja að tjón sé algert.

10. Váttrygging undir verði (undirtrygging).

- 10.1 Sé váttryggingarfjárhæð lægri en váttryggingarverðmæti er ábyrgð félagsins aðeins hlutfallsleg eftir mun þeim sem er á váttryggingarfjárhæð og váttryggingarverðmæti.



500 Rafeindataækjatrygging

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

11. Greiðsla bóta og vextir.

11.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni samkvæmt 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

12. Eigin áhætta.

12.1 Af hverju tjóni ber vátryggður sjálfur 10% í eigin áhættu, eða þá fjárhæð sem nefnd er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun.

13. Vísun til skilmála og laga um vátryggingarsamninga. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

13.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann skilmálar félagsins nr. (númer) 100 fyrir brunatryggingu lausafjár og lög nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

13.2 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

13.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.

13.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.